

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Jemen nr. 880/2015.

1. gr.

*Þvingunaraðgerðir.*

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 2. gr. reglugerðar um þvingunaraðgerðir varðandi Jemen nr. 880/2015.

- 1.2 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/1927 frá 26. október 2015 um framkvæmd ákvörðunar 2014/932/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandssins í Jemen, fylgiskjal 1.2.
- 2.3 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2015/1920 frá 26. október 2015 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 1352/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandssins í Jemen, fylgiskjal 2.3.

2. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

*Utanríkisráðuneytinu, 22. janúar 2016.*

**Gunnar Bragi Sveinsson.**

*Stefán Haukur Jóhannesson.*

#### Fylgiskjal 1.2.

##### **FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2015/1927**

**frá 26. október 2015**

**um framkvæmd ákvörðunar 2014/932/SSUÖ  
um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandssins í Jemen**

Viðaukanum við ákvörðun 2014/932/SSUÖ skal breytt í samræmi við viðaukann við ákvörðun þessa. (Efnisútdráttur)

*VIDAUKI*

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1452865947089&uri=CELEX:32015D1927>.

Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

#### Fylgiskjal 2.3.

##### **FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2015/1920**

**frá 26. október 2015**

**um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 1352/2014  
um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandssins í Jemen**

I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1352/2014 skal breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur)

Nr. 96

22. janúar 2016

*VIDAUKI*

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1452865947089&uri=CELEX:32015R1920>.

Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

---

B-deild – Útgáfud.: 5. febrúar 2016